

Verklagsreglur fyrir nemendaverndarráð

Nemendaverndarráðsfundir eru boðaðir á sex vikna fresti af deildarstjóra sérkennslu. Á þá mæta skólastjórar, deildastjóri sérkennslu, hjúkrunarfræðingur og aðrir sem málið varðar hverju sinni s.s skólafélagsráðgjafi, þroskaþjálfari eða aðrir.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að fjalla um málefni einstakra nemenda sem ekki hefur náðst að leysa á fyrri stigum innan skólakerfisins. Þetta geta verið mál sem vísa þarf til barnaverndar eða eru flókin úrlausnar innan skólans eða utan.

Einnig heldur nemendaverndarráð fundi þar sem farið er yfir alla nemendur með umsjónarkennara, sérkennurum og sérgreinakennurum. Markmiðið er að ræða um hvort þjónusta við hvern og einn nemanda er með viðunandi hætti, hvað má bæta, hvort kalla þurfi til viðbótarþjónustu eða vísa annað.

Nemendaverndarráð kemur með tillögur um úrlausn mála og vísar þeim til þjónustufunda sem eru fyrst og fremst einstaklingsmiðaðir. Annarsvegar vikulegir stoðþjónustufundir á hvoru skólastigi þar sem farið er yfir þau mál sem verið er að vinna með hverju sinni. Hinsvegar teymisfundir með þeim sem vinna með viðkomandi nemanda, foreldrar hans og nemendinn sjálfur allt eftir aðstæðum.